

# ..... Mótað land, víðerni og ..... friðlýst svæði



© Dreamstime

## Íslensk náttúra

Náttúra landsins breytist stöðugt bæði af völdum náttúrulegra ferla eins og árs-tíðaskipta og af öðrum orsökum. Náttúra sem menn hafa ekki breytt er kölluð ósnortin náttúra. Þar hefur náttúran sjálf fengið að ráða og þar hafa aðeins orðið breytingar með náttúrlegum ferlum.

Nýtt land getur myndast í eldgosum og haf og vatn getur brotið berg niður. Nýjar lífverur nema land og aðrar hverfa úr lífríkinu. Búseta manna hefur mikil áhrif því fólk breytir náttúrunni til dæmis með ræktun, byggingum og iðnaði. Þegar menn komu fyrst til Íslands var landið allt ósnortið. Menn fóru strax að breyta því, ryðja skóg, rækta tún, flytja til landsins dýr og plöntur sem þar höfðu ekki verið áður. Sífellt minna land var ósnortið. Breytingarnar urðu mestar á seinni hluta síðustu aldar þegar menn fóru að nota öflugri vélar og verkfæri við vinnu úti í náttúrunni.

Nú er talið að svæði sem teljast mega nokkurn veginn ósnortin, séu á um þriðjungi Íslands. Langmestur hluti þess svæðis eru jöklar og hálendi. Þjóðir margra annarra landa vita varla hvernig landið þeirra leit út áður en fólk breytti því. Fólk hefur búið þar svo lengi og þar er svo þéttbýlt. Þar er varla að finna ósnortin svæði. Íslendingar eru hins vegar tiltölulega fáir í stóru landi og það er stutt síðan landið byggðist. Við sjáum landið okkar enn verða til þegar hraun rennur. Fátt er ósnortnara en það.

---

## Ósnortin svæði og friðlýst

Í raun má segja að hvergi sé til alveg ósnortið svæði því að mengun og loftslagsbreytingar virða ekki landamæri og hafa alls staðar áhrif. Þau svæði eru þó talin ósnortin sem menn hafa ekki breytt markvisst. Leitast er við að halda í ósnortin svæði með því að friðlýsa þau. Friðlýst svæði eru til dæmis þjóðgarðar, friðlönd, náttúruvætti og fólkvangar. Friðlýst svæði eru ekki öll ósnortin en flest þó að einhverju eða miklu leyti.

## Umræðupunktur

- Hvers vegna er mikilvægt að friðlýsa ósnortin náttúrusvæði?
- Náttúran hefur rétt á að vera í friði einhvers staðar.
- Núlifandi fólk hefur ekki rétt til að breyta öllu, komandi kynslóðir vilja líka sjá hvernig ósnortin náttúra lítur út.
- Svæðin gegna mikilvægu hlutverki til að varðveita fjölbreytileika, bæði lands og lífs. Þar má koma í veg fyrir útdauða tegunda og eyðileggingu sérstakra náttúrufrýrbæra.
- Ósnortin náttúrusvæði eru mikilvæg til rannsókna á náttúru og náttúrulögum, til samanburðar við nytjuð og breytt svæði.
- Þau eru mikilvæg til náttúrufræðslu.
- Svæðin veita mikla „vistkerfisþjónustu“, vatn, plöntur, dýr ...
- Þau eru mikilvæg til útivistar og upplifunar.
- Þau hafa oft hagrænt gildi, styrkja jákvæða ímynd lands og þjóðar og auka ferðamennsku.

## Verkefni

- Finnið alla þjóðgarða á Íslandi. Notið kort og merkið inn á það.
- Hvers vegna teljið þið að þessi landsvæði hafi verið gerð að þjóðgörðum?
- Hvernig er hægt að nýta þjóðgarða?
- Finnið önnur friðlýst svæði á landinu (friðlönd, náttúruvætti, fólkvangar) og gerið grein fyrir sérkennum þeirra.

Verkefni á vefnum [Heimurinn minn](http://heimurinn.is)

[www.heimurinn.is](http://www.heimurinn.is) – unglíngastig – vefleiðangur um friðlýst svæði

[www.heimurinn.is](http://www.heimurinn.is) – yngsta stig – gagnvirkt verkefni um þjóðgarða

